

## Ársuppgjör 1. janúar 2014 til 31. desember 2014

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 nam 445 mkr., hagnaður á rekstrarárinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 nam 355 mkr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á fjórða ársfjórðungi félagsins sem er 1. október 2014 til 31. desember 2014 nam 56 mkr. en á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 38 mkr. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Greiðsluflæðið gefur betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 643 mkr. (2013:657 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2014 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald ársins nam 1.136 mkr. til samanburðar við 1.091 mkr. árið áður sem er 4,1 % hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 nam 335 mkr. og hækkar um rúmar 6 mkr frá árinu áður þegar hann nam 329 mkr. Helsta breytingin er vegna aukins viðhaldskostnaðar, hækkun í rafmagni og launum en á móti kemur lækkun á tryggingum.
- Afskriftir á árinu námu samtals 121 mkr. og voru á sama tímabili árið áður 120 mkr.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka á milli ára um 74 mkr.
- Skuldir Spalar ehf lækka úr 3.473 mkr. þann 31. desember 2013 í 3.101 mkr. þann 31. desember 2014.

### Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu heldur meiri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 er sextánda fjárhagsár félagsins. Á þessu tímabili fóru 1.939 þúsund ökutæki um göngin sem greiddu veggjald sem er um 2,7% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því að um 5.312 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltækjur fyrir hverja ferð um göngin hafa hækkað.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

### Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf. í þúsundum króna

	1/1 2014 - 31/12 2014	1/1 2013 - 31/12 2013	1/1 2012 - 31/12 2012	1/10 2010 - 31/12 2011*	1/10 2009 - 30/9 2010
<b>Rekstrartekjur</b>					
Veggjald .....	1.136.465	1.091.241	1.057.930	1.208.746	975.430
<b>Rekstrargjöld</b>					
Viðhald og rekstur ganga .....	187.334	185.126	194.286	204.587	149.250
Rannsóknarkostnaður nýrra gangna.....	0	0	0	0	1.471
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	142.265	139.435	143.567	155.875	123.441
Tapaðar kröfur.....	5.210	4.208	4.197	6.544	7.112
Afskriftir .....	120.926	119.763	115.851	144.299	113.930
	455.735	448.532	457.901	511.305	395.204
<b>Rekstrarhagnaður</b>	680.730	642.709	600.029	697.441	580.226
<b>Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)</b>	-124.723	-198.806	-246.372	-327.235	-275.218
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	556.007	443.903	353.658	370.207	305.009
Tekjuskattur .....	-111.201	-88.781	-115.569	-89.543	-69.004
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	444.806	355.123	238.088	280.663	236.004

\* Uppgjörstímabilið er 15 mánuður



	31/12 2014	31/12 2013	31/12 2012	31/12 2011	30/9 2010	30/9 2009
<b>Eignir samtals</b>	4.715.420	4.687.492	4.724.034	4.793.775	4.704.551	4.691.551
<b>Eigið fé</b>	1.614.395	1.214.589	903.467	714.379	474.715	278.711
<b>Skuldir samtals</b>	3.101.025	3.472.903	3.820.567	4.079.396	4.229.836	4.412.840
<b>Veltufjórhlutfall</b>	0,50	0,48	0,54	0,57	0,75	0,68
<b>Eiginfjórhlutfall</b>	34,24%	25,91%	19,12%	14,90%	10,09%	5,94%

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

### Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 445 mkr. og fyrir sama tímabil árið áður var hagnaður félagsins 355 mkr.

Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 681 mkr. fyrir sama tímabil árið áður nam hagnaðurinn 643 mkr.

### Tekjur

Veggjald á árinu nam 1.136 mkr. samanborið við 1.091 mkr. árið áður og hækkar því um 4,1%. Hækkunina má rekja til aukningar á umferð á árinu 2014.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á árinu var 335 mkr. kostnaðurinn hækkar um 1,8% frá sama tímabili árið áður þegar hann nam 329 mkr.

Rekstrarkostnaður án afskrifta á fjórða ársfjórðungi nam 92 mkr. og hækkar um 1 mkr. frá sama ársfjórðungi árið áður þegar hann var 91 mkr.

### Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu voru 121 mkr. fyrir sama tímabil árið áður voru afskriftir 120 mkr.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 125 mkr og lækka um 37% frá sama tímabili árinu áður þegar þau voru 199 mkr. Lækkunina má að mestu leyti rekja til minni hækkunar á neysliverðsvísitölu milli ára.

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Heildareignir Spalar ehf 31. desember 2014 voru 4.715 mkr. Þann 31. desember 2013 námu þær 4.687 mkr. eignir félagsins hafa því lækkað um 28 mkr.

#### Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 1.614 mkr. og hækkar um 400 mkr. frá 31. desember 2013.

Skuldir félagsins námu 3.101 mkr. 31. desember 2014 og lækka þær um 372 mkr. frá 31. desember 2013. Þessi lækkun skýrist að stærstum hluta til af afborgunum langtímalána.



### Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 862 mkr. á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 en fyrir sama tímabil árið áður var handbært fé frá rekstri 805 mkr.

Handbært fé stendur í 268 mkr. í lok desember 2014.

### Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. október 2013 til 31. desember 2014.

### Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

	4. ársfj. 1/10 14 - 31/12 14	3. ársfj. 1/7 14 - 30/9 14	2. ársfj. 1/4 14 - 30/6 14	1. ársfj. 1/1 14 - 31/3 14	4. ársfj. 1/10 13 - 31/12 13
Veggjald .....	213.337	398.511	326.352	198.265	212.164
Viðhald og rekstur ganga .....	-55.846	-41.147	-46.696	-43.646	-51.995
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	-37.008	-32.649	-35.465	-37.144	-37.034
Tapaðar kröfur.....	375	-4.131	-856	-598	-2.139
<b>Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA) .....</b>	<b>120.858</b>	<b>320.584</b>	<b>243.336</b>	<b>116.877</b>	<b>120.996</b>
Afskriftir.....	-32.217	-29.892	-29.314	-29.503	-30.570
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>	<b>88.641</b>	<b>290.693</b>	<b>214.021</b>	<b>87.375</b>	<b>90.426</b>
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó .....	-18.142	-28.387	-39.445	-38.748	-42.433
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta .....</b>	<b>70.498</b>	<b>262.306</b>	<b>174.576</b>	<b>48.627</b>	<b>47.993</b>
Tekjuskattur .....	-14.100	-52.461	-34.915	-9.725	-9.599
<b>Hagnaður (tap) ársfjórðungs .....</b>	<b>56.399</b>	<b>209.845</b>	<b>139.661</b>	<b>38.902</b>	<b>38.394</b>

### Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Gert er ráð fyrir að umferð og afkoma á næsta rekstrarári verði svipuð og 2014.

### Endurskoðun

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2014.